

48 Að svo vöxnu máli get jeg eigi sjeð neina ástæðu til að hlutast til um, sam-
21. marz kvæmt tillögu yðar, að hið umkrafða álag verði tekið upp á fjárlagafrumvarpið fyrir
1890 og 1891.

49 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um
25. marz sjerstakt manntalsþing fyrir Hafnahrepp. — Eptir að jeg hefi meðtekið þóknanlegt
brjef yðar, herra amtmaður, dags. 18. f. m., og þar með fylgjandi skjöl, vil jeg hjer-
með samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Hafnahreppi og meðmælum sýslumanns og
sýslunefndar í Kjósar og Gullbringusýslu veita samþykki mitt til að Hafnahreppur verði
eptirleiðis sjerstök manntalsþinghá og þingstaður þar fyrst um sinn í Merkinesi, og er
hreppsnefndin skyld til að sjá um, að ávallt sje til hæfilegt hús á þingstaðnum til
þinghaldanna.

Þetta er yður, herra amtmaður, tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

50 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu um endurborg-
25. marz un á tolli af víuföngum, er lekið höfðu niður. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 2.
nóv. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá Gísla kaupmanni Engil-
bertssyni á Vestmannaeyjum, þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði endurgoldinn
tollur af 133 pottum af 16^o brennivíni, sem lekið hafi úr tunnu, er hann hafi meðtek-
ið með skipinu «Sömanden», er kom til Vestmannaeyja frá Kaupmannahöfn 28. sept.
f. á. Fylgdi erindi þessu útskrift úr aukarjettarþók sýslunnar, innihaldandi skýrslu um
rjettarhald 16. okt. f. á. þar sem yfirheyrðir voru eptir beiðni kaupmannsins 4 menn,
er verið höfðu í vinnu við uppskipun úr «Sömanden» og báru 2 af þeim, að af alls 3
brennivínstunnum, sem fluttust til tjeds kaupmanns með skipinu, hafi 1 verið alveg tóm
að þeirra áliti.

Út af þessu undanfelli jeg ekki hjermeð þjónustusamlega að tjá yður til þókn-
anlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Gísla kaupmanni Engilbertssyni, að með því að
hann hefur eigi farið svo að, sem fyrirskipað er í lögum nr. 10, 11. febr. 1876 3. gr.
og kallað hlutadeigandi lögreglustjóra til í tíma að rannsaka hina umræddu tunnu og gefa
vottorð um að lekinn hafi í raun og veru átt sjer stað, þá geti krafa hans um endur-
gjald á tolli af ofanámgetnum 133 pottum af 16^o brennivíni ekki orðið tekin til
greina.

51 Staðfesting konungs að mandatum á reglugjörð fyrir gullbrúðkaupslegat
25. febr. Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans, frú Þórunnar Hannesdóttur.

Vjer Christian hinn níundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda
og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Sórmæri, Þjettmerski, Láen-
borg og Aldinborg.

gjörum kunnugt: með því að allraþegnsamlegast hefur verið sótt og beðið um allra-
hæstu staðfestingu Vora á reglugjörð, sem búin hefur verið til af stjórn legats nokkurs,
sem stofnað hefur verið út af gullbrúðkaupi Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu
hans Þórunnar Hannesdóttur, fæddrar Finsen, og sem kallast gullbrúðkaupslegat Bjarna